

J.S. Bach.

Orgel-tón-leikar með Bach

A mánudagskvöldið 21. júní, kl. 20.30 leikur Dr. Orthulf Prunner þriðja þátt Clavierbungu eftir J.S. Bach á orgel Filadelfíukirkjunnar í Reykjavík. Þetta er frumflutningur þessa orgelverks á Íslandi, því að það hefur aldrei verið flutt í heild hérlandis, en einstakir þættir hafa áður verið leiknir svo sem praeludían og fugan í Es-dúr og litli forleikurinn um sálminn „Faðir vor, sem á himnum er“.

Þetta er eitt merkilegasta og erfiðasta tónverk, sem J.S. Bach samdi og er sjaldan leikið. Þættir þess eru tuttugu og sjö. Jafnframt er þetta fyrsta orgelverkið, sem J.S. Bach gaf út á eigin kostnað. Það var árið 1739 og var hann þá 54 ára gamall.

Orgelverk þetta er reist á tilbeiðsluháttum hinnar lúthersku kirkju og á trúarlærdómum hennar eins og þeir eru túlkaðir í „Fræðum Lúthers“.

Dr. Orthulf Prunner er organisti við Háteigskirkju í Reykjavík.

Knattspyrnan um helgina:

Víkingur-Breiðablik á sunnudagskvöldið

Um helgina verður leikið í öllum deildum á Íslandsmóttinu í knattspyrnu. Stórleikurinn er viðureign Íslandsmeistara Víkinga og Breiðabliks á Laugardalsvöllinum á sunnudagskvöldið en þessi lið verða vafalltíð í hópi efstu liða deildarinnar í ár.

Eftirtaldir leikir eru á dagskrá í 1., 2. og 3. deild:

1. deild
Laugardagur
kl. 14: ÍBÍ—KA, kl. 14: ÍBK—1A, kl. 14: ÍBV—Valur
Sunnudagur
kl. 20: Víkingur-Breiðablik

2. deild
Laugardagur
kl. 14: Völsungur—Njarðvík, kl. 14: FH—Skallagrímur, kl. 14: Fylkir—Þróttur N, kl. 14: Einherji—Þór A, kl. 13: Reynir S.—Þróttur R.

3. deild
Laugardagur
kl. 14: HV—ÍK, kl. 17: Víkingur Ó—Viðir, kl. 14: Selfoss—Haukar, kl. 14: HSBb—Magni, kl. 14: Huginn—Tindastóll, kl. 14: KS—Austri.

Sunnudagur
kl. 14: Grindavík—Snæfell. — VS

Táknmálstúlkur á nefndarfundi

Borgarráð hefur samþykkt að greiða táknmálstúki fundarsetubókun þurfi borgarfulltrúi eða fulltrúi í ráðum og nefndum að vegum borgarinnar á slíki þjónustu að halda.

Samþykkt þessi er til komin vegna erindis Vilhjálms G. Vilhjálmssonar sem kjörinn hefur verið fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í umhverfismálaráð. Vilhjálmur er heyrnarlaus og þarf því á túlki að halda við nefndarstöfin. —AI.

Hefurðu heyrt það? A Kjarvalsstöðum verður nú útfaldi úr myfllu, ein fjöður verður að fimm hænum og að þessum og ýmsum öðrum breytingum þar stendur myndlistarmaðurinn Magnús Tómasson. Hann nefnir sýninguna „Sýniljóð“.


Hænur og fleiri fuglar

Fjöldin sem verður að fimm hænum er pappirverk. Magnús gerir mót sem hann pressar svo sérstakan pappír í og ílengist þá þrívíð mynd í pappirnum. Hugmyndirnar að þessum pappirverkum eru skemmtilegar og útfærslan góð. Annars eru hænur ekki þeir fuglar sem einkenna sýninguna. Það ber mest á smáfuglum. Um fugla segir Magnús í sýningar-skránni: „Undarlegir eru mennirnir, fyrst loka þeir fuglana inni buri, búa svo til vél sem getur flogið. Síðan skera þeir tungurnar úr næturgólunum og búa til tæki sem syngur. Og þegar ég horfi á þessa vesalings fugla í myndunum, efast ég um

of nálægt sólu og vængirnir bráðnuðu svo hann hrapaði í Eyjahafið og sást hann ekki ofansjár eftir það. Verkið sem Magnús sýnir um þessa flugtilraun er verulega fallegt. Hann segir ekki söguna beint í myndum, heldur notar einstaka þætti hennar í myndir sem hann fellir saman í eitt verk í stórum kassa undir gleri. Sannkallað sýniljóð. Höfundurinn skapar ákveðið andrúmsloft og svo geta áhorfendur spreytt sig á hugarflugi.


Flugæfing

Í hvítum kassa með gleri fyrir eru tvö rimlabúr. Í öðru búrinu er hvítt tvífætt egg á priki. Í hinu búrinu er samskonar egg standandi á priki nema á það egg hefur verið fest stýrisvængjum eins og á sprengju. Á milli búrana flögrar þriðja egg með fíðrildisvængi. Er þetta verk einungis ljóðrænt tilbrigði við eggform? Eða fjallar þetta verk um hinn langþráða draum mannkynsins að fljúga um heildloftin sem frjálsir fuglar? Um drauminn sem rættist og allt sem því fylgdi? Nú fljúga menn með ógnarhráða um loftin til að varpa sprengjum á annað fólk. Egglega sprengjum er skotið með eldflaugum um loftin. Með fluginu varð eyðileggingarmáttur manna meiri en fyrr þekktist. Eitt af því sem Magnús er að sýna okkur, er hvernig draumurinn um frelsi sem rættist, varð að veruleika með enn meira ófrelsi en fyrr.



Enn er öxin ekki fallin, en ógnunin liggur í loftinu.

Hugarflugsæfingar



Magnús Tómasson að gera fimm hænur úr úlfalda, eftir að hafa gert úlfalda úr myfllu.

sannleiksgildi málsáttarins, að betri sé einn fugl í hendi en sjö í skógi.“ Fuglana í myndum Magnúsar hefur maður ekki í hendi sér, þeir eru á flugi í skógi ímyndunarafslins.

Hugarflug

Litill fugl steypist til jarðar með reykjarmökk aftur úr sér eins og nýniðurskotin sprengjuflugvél. Þar nálægt situr annar fugl á prikinu sínu fyrir utan búrið sitt, en í búrinu eru stórar fjaðrir fangar. Ekki langt frá er fíðrildi á flugi með þungan stein í bandi, annar steinn flýgur um með fíðrildisvængi, steinfiðrildi? Þetta eru allt hlutar úr verkinu „Agris af sögu flugsins“. Best að taka það fram strax að ég veit næstum ekkert um sögu flugsins, og eina atriðið í sögunni sem ég eitthad vissi um var félagi Íkarus. Grisku goðsögurnar segja hann hafa verið í þrúnd á Krit ásamt föður sínum. Faðirinn bjó til vængi úr fjöðrum og vaxi og festi á Íkarus svo hann mætti fljúga á brott. Honum tókst ekki flugið betur en svo að hann flaug

Smáfugl í rafmagnsstólum

Þegar ég skoðaði sýninguna var þar fólk í sömu erindagjörðum sem fór ekki leynt með álit sitt á verkunum. Þegar að verkinu „An titils“ (no. 48) kom, Jesúsabi það sig og fullvissaði hvert annað um að maður sem færir svona með litla fugla væri efalaust illa innrættur. Ég hugsaði um þetta í smástund. Er myndlistin svo firrt hversdagslegum veruleika að „maðurinn á götunni“ lítur á verk með smáfugli í rafmagnsstól sem opinberun á illu innræti myndlistarmannsins, en tengir ekki verkið við það sem er að gerast allt í kringum okkur? Voru ekki nýlega hundruð manna settir í rafmagnsstólana á Falklandseyjum? Menn, sem engu gátu ráðið um það að þeim var att út í opinn dauðan til að heyja heimskulegt stríð. Hvað voru þeir annað en smáfuglar sem ránfuglarnir settu í rafmagnsstólana? Ég veit að það er engum greiði gerður með því að of-túlka verkin þeirra, en mér virðist veruleikinn sjálfur vera þúsund sinnum grimmari en fuglarnir hans Magnúsar.

Midas, Prómóþeus og Magnús


Í mörgum verka sinna byggir Magnús á persónum úr grískri goðafræði á þann hátt að þær vísa til einhvers í samtímanum. Nú er Prómóþeus, sá er stal eldinum frá guðunum handa mönnum, með eldspýtur og stökk. Um þetta segir Magnús í sýningar-skránni: „Þannig hafa orðið með hugleikni þeir kumpánar Midas með gullið sitt og Herostratos, maður litils-háttar, sem brenndi til grunna hið undurfagra Artemishof í Efesos í þeim tilgangi að verða frægur. Harmi slegnir íbuar Efesos bundust samtökum um að nefna aldrei nafn hans, en fyrir lausmæli sagnaritarans Theopomposar varð nafn Hero-

stratosar frægt að endemum þrátt fyrir allt.

Myndi Herostratos okkar daga láta af iðnu sinni, ef honum væri reist veglegt minnismerki? Tæpast, en þó reynandi! Um Midas þýðir ekki að fást, hann lærir aldrei af reynslunni.“ Verkin sem fjalla um þessa „kumpána“ eru útfærð á mismunandi vegu. Sum eru þrívíð veggverk, önnur skulptúrur og enn önnur litlar teikningar. Teikningarnar eru frá þessu ári og eru gerðar með tússi á þykkan pappír, gullmál-

aðar, brenndar með eldi eða málaðar með vatnslitum. Mér finnst teikningarnar koma hugmyndum jafn vel á framfæri og stærri verkin. Sérstaklega sjarmerandi finnast mér þær þrjár teikningar sem nefnast: „Fugl, fjall, regnbogi“, „Soldið lúinn fugl, þreytt fjall, lasinn regnbogi“ og „Galinn fugl, hnipið fjall, þreytt regnbogi“. Í heild er þetta þrælögð sýning, ein af fáum myndlistarsýningum á Listahátíð sem hátíðarbragur er á.

Svala Sigurleifsdóttir



„Galinn fugl, hnipið fjall, þreytt regnbogi“. Nýleg teikning eftir Magnús.